

Landsvirkjun  
Helgi Jóhannsson  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. október 2014  
Tilvísun: UST20141000221/bs

## Flóðvar í Svartárstíflu - framkvæmdaleyfi

Vísað er til bréfs Landsvirkjunars dags. 27. október sl. þar sem óskað er leyfis til að lækka Svartárstíflu sem er syðsta stífla Kvíslarvatns um 1 metra á um 150 m löngum kafla.

Með þessari framkvæmd telur Landsvirkjun að unnt verði að beina flóði allt að 2000 m<sup>3</sup>/s um Kvíslarvatn og yfir Svartárstíflu og draga þannig úr hugsanlegu tjóni á Þjórsárverum ef af eldsumbrotum verður í Bárðarbungu.

### Lýsing framkvæmdar

Hér er um að ræða framkvæmd sem er einungis bundin við mannvirki Landsvirkjunar, þ.e. Svartárstíflu. Efni sem tekið verður ofan af stíflunni verður haugsett utan Þjórsárvera friðlands. Sótt er um leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við auglýsingu í Stj.tíð. B, nr. 507/1987 um friðland í Þjórsárverum, en þar segir m.a. „Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatna og vatsnsborðshæð, eru óheimil nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar.“ Umhverfisstofnun óskaði eftir áliði frá Þjórsárveranefnd á fyrirhuguðum framkvæmdum. Svar barst frá Gísla Má Gíslasyni formanni nefndarinnar 30. október. Þar segir m.a.

„*Vegna þess að núna eru líkur stórfloði í Kvöldukvísl vegna eldsumbrota í Bárðarbungu er mikilvægt að minnka líkur á skemmdum í Þjórsárverum. Því er mikilvægt að heimila Landsvirkjun að lækka stíflu í Svartá og styð ég það og geri ráð fyrir að aðrir fulltrúar í Þjórsárveranefnd séu mér sama sinnis.*“

Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir umræddri framkvæmd með eftirfarandi skilyrðum.

### Skilyrði

Að frágangur framkvæmdarinnar verði vandaður.

Að komið verði í veg fyrir óparfa rask utan framkvæmdasvæðisins.

Umhverfisstofnun telur að ef farið verði að ofangreindum skilyrðum muni framkvæmdin ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi Þjórsárvera og gæti dregið úr neikvæðum áhrifum á friðlandið ef til flóðs kemur.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur